



Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

23. apríl 2021

Barnaverndarstofa hefur frá því snemma árs 2020 tekið saman og greint tilkynningar sem borist hafa til barnaverndarnefnda. Tilgangur slíkra greininga er að leggja mat á hvort, og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til Barnaverndarnefnda.

Þann 16. mars 2020, voru settar fjöldatakmarkanir á Íslandi með það fyrir augum að ná utan um heimsfaraldur sem hafði þá náð til landsins.

Þær tölur og sú greining sem liggur til grundvallar þessarar samantektar miðast því við að bera saman fjölda tilkynninga fyrir upphaf COVID-19 heimsfaraldurinn, og þær tölur sem borist hafa þar á eftir. Hér verður miðað við 1. mars 2020 sem vendipunkt og er því fjöldi tilkynninga frá tímabilinu 1. mars-2019 til 29. febrúar 2020 borinn saman við fjölda tilkynninga sem hefur borist frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021.


Í þessari greiningu verður stuðst við bráðabirgðatölur sem berast mánaðarlega frá Barnaverndarnefndum. Í lok hvers árs taka nefndir saman heildarfjölda tilkynninga þar sem liggur fyrir endanlegur fjöldi tilkynninga sem og fjöldi barna á bakvið tilkynningar. Þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir árið 2020 verður hér notast við mánaðarlegar tölur frá barnaverndarnefndum. Vert er þó að nefna að mismunur á milli bráðabirgðatalna og árlegrar samantektar undanfarin ár hefur verið óverulegur (+/- 1%)

Sem fyrr er tilgangur greiningarinnar að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda.

Heildarfjöldi tilkynninga


Heildarfjöldi tilkynninga á fyrra tímabilinu sem hér er fjallað um, 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020, voru 11.582 tilkynningar en á seinna tímabilinu, 1. mars 2020 – 28. febrúar 2021, var heildarfjöldi tilkynninga 13.399 tilkynningar. Hér er því aukning um 15,7% milli tólf mánaða tímabila. Almennt séð, fylgir fjöldi tilkynninga ákveðnu mynstri, það er að segja, fleiri tilkynningar berast almennt yfir veturinn heldur en yfir sumarmánuðina og oft má greina í fjölgun tilkynninga eftir jól.

Á þessu eru vissulega einhverjar undantekningar líkt og má sjá á myndinni hér fyrir neðan, en hverju sem því líður má greina ákveðið mynstur. Tilkynningar sem bárust á seinna tímabilinu sem þessi greining tekur til, frá byrjun mars 2020 til lok febrúar 2021, fylgdu þessu sama mynstri, en voru þó alla jafna fleiri í hverjum mánuði en mánaðarlegar tilkynningar síðustu ára.



Mynd 1: Heildarfjöldi tilkynninga yfir 12 mánaða tímabil, frá upphafi marsmánaðar til lok febrúar


Mynd 2 sýnir hvernig seinna viðmiðunartímabil þessarar skýrslu, 12 mánuðum eftir upphaf COVID-19 faraldursins, líkist að mörgu leyti síðustu 12 mánuðum fyrir upphaf faraldurs, þó svo að fjöldi tilkynninga sé meiri.



Mynd 2: Fjöldi tilkynninga 12 mánuðum fyrir og eftir upphaf COVID-19 faraldursins, sem hér er skilgreindur sem 1. mars 2020.

Mynd 3 sýnir þróun tilkynninga síðastliðin 5 ár. Hér má sjá að tilkynningum hefur verið að fjölga síðastliðin 5 ár. Ef lítið er til byrjun árs 2016 má sjá að mánaðarlegum tilkynningum fjölgaði, en fækkaði svo aftur frá miðju ári 2017. Frá miðju ári 2018 má aftur greina fjölgun mánaðarlegra tilkynninga og í lok árs 2018 var mánaðarlegur fjöldi tilkynninga svipaður og þegar mest var fyrri hluta ársins 2017. Fjöldi mánaðarlegra tilkynninga var nokkuð stöðugur árið 2019 en í mars 2020, verða skýr skil og tilkynningum tók að fjölga aftur.


Með ofangreinda þróun í huga, hefði mátt búast við einhverri fjölgun tilkynninga á síðasta ári. Sé miðað við tímabilið mars 2015-febrúar 2020, má sjá að meðal fjölgun tilkynninga, síðastliðin 5 ár, hefur verið um 7,8%. Sá fjöldi tilkynninga sem barst barnaverndarnefndum á landinu frá upphafi COVID-19 faraldursins nemur því um 1.000 tilkynningum umfram það sem hefði mátt búast við, miðað við meðal fjölgun síðustu ára.



Mynd 3: Þróun tilkynninga frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Fjöldi barna

Þegar litið er til fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda þarf að hafa í huga að fleiri en ein tilkynning getur borist vegna hvers barns. Því er einnig mikilvægt að skoða fjölda barna sem tilkynnt er um.¹ Líkt og mynd 4 gefur til kynna bærust tilkynningar vegna fleiri barna alla mánuði eftir upphaf COVID-19 faraldursins, utan júlímánaðar 2020. Þá má einnig greina að fjöldi barna í hverjum mánuði fylgir svipaðri kúrfu og mátti greina á mynd 1 og 2 þar sem alla jafna berast tilkynningar vegna fleiri barna yfir vetrarmánuði en sumarmánuði.




Mynd 4: Fjöldi barna sem tilkynnt var vegna, 12 mánuði fyrir og eftir upphaf COVID-19 faraldursins, sem hér er skilgreindur sem 1. mars 2020.

Til að skilja betur samspil tilkynninga og fjölda barna er gott að líta til þess hve margar tilkynningar berast á hvert barn. Síðastliðin 5 ár hafa borist 1,15-1,38 tilkynningar á hvert barn, en að meðaltali hefur borist 1,25 tilkynning á hvert barn í mánuði (1,25:1). Líkt og sjá má á mynd 5, er lítill breytileiki á fjölda tilkynninga á hvert barn á milli ára, og á slíkt hið sama við um síðustu 12 mánuði eftir upphaf COVID-19 faraldursins.

¹ Hér er vert að nefna að um að ræða fjölda barna sem tilkynningar berast um í hverjum mánuði fyrir sig. Ef tilkynning berst vegna sama barns í sama mánuði telst það barn einu sinni, en berist tilkynningarnar í sitthvorum mánuðinum telur barnið tvisvar.

Hlutfall barn á hverja tilkynningu í mánuði



Mynd 5: Hlutfall tilkynninga sem berast á hvert barn í mánuði, frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Hærri hlutfallstala tilkynninga miðað við hvert barn, þýðir að fleiri tilkynningar eru að berast á hvert barn. Ef hlutfallstalan er 1 þýðir það að aðeins sé að berast ein tilkynning vegna hvers barn í hverjum mánuði en ef hlutfallstalan er yfir 1 þýðir það að fleiri en ein tilkynning sé að berast vegna sumra barna.

Á mynd 5, hér fyrir ofan, má sjá að hlutfall tilkynninga á hvert barn minnkaði undir lok árs 2016 og fram á mitt ár 2016. Þess fyrir utan hefur þetta hlutfall haldist nokkuð jafnt, eða rétt um 1,24-1,28 tilkynning á hvert barn. Gefur það til kynna að tilkynningar síðastliðinna 12 mánaða er að mörgu leyti svipaðar og mánuðina þar á undan, þ.e. fjöldi tilkynninga og fjöldi barna haldast í hendur á sama hátt og þær gerðu fyrir upphaf COVID-19 faraldursins.

Efni tilkynninga til barnaverndarnefnda


Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru í meginatriðum flokkaðar samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Þannig getur tilkynning aðeins verið flokkuð í einn af fjórum yfirflokkum: a) vanræksla, b) ofbeldi, c) áhættuhegðun barns, d) heilsa eða líf ófæddis barns er í hættu. Í hverjum yfirflokki, að utanskildum c) flokki, eru undirflokkar til nánari skilgreiningar eftir eðli tilkynningar. Er þessi samantekt byggð á frammannefndu flokkunarkerfi. Nánari upplýsingar um skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndar má finna [hér](#).

Vanræksla

Vanræksla er yfirflokkur í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Samkvæmt flokkunarkerfinu er vanræksla gagnvart barni skilgreind sem „skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns“.

Á tímabilinu 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 bárust alls 4.920 tilkynningar vegna vanrækslu, en á tímabilinu 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar alls 5.864. Það er því ljóst að fjölgun var á tilkynningum á 12 mánuðum eftir skilgreindan upphafspunkt COVID-19 faraldursins, borið saman við 12 mánuði fyrir og nam sú aukning um 19,2%.


Er sú aukning umfram það sem við mætti búast, sé miðað við árin á undan, en samanborið við tímabilið 1. mars 2015-29. febrúar 2020 hefði mátt búast aukingu um 10-11% á milli ára.



Mynd 6: Fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu, 12 mánuði fyrir og eftir upphaf COVID-19 faraldursins, sem hér er skilgreindur sem 1. mars 2020.


Líkt og sjá má á mynd 6, þá svipar tímabilinu fyrir skilgreint upphaf COVID-19 mikið til tímabilsins eftir upphaf faraldursins. Fjöldi tilkynninga jókst að vori og aftur að hausti, auk fjölgun tilkynninga eftir jól.

Raunar svipa tilkynningum sem bárust vegna vanrækslu eftir skilgreint upphaf COVID-19 faraldursins, að mörgu leyti við það mynstur sem má sjá síðastliðin ár, eins og sjá má á mynd 7. Græna línan táknar tilkynningar sem bárust eftir upphaf faraldursins.



Mynd 7: Fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Flestar tilkynningar sem berast til barnaverndarnefnda á hverju ári varða vanrækslu. Á árunum 2015-2020 vörðuðu 37,9%-41,9% allra tilkynninga vanrækslu. Árið 2020 jókst þetta hlutfall enn frekar og voru tilkynningar vegna vanrækslu 43,1% allra tilkynninga.



Mynd 8: Þróun tilkynninga vegna vanrækslu á tímabilinu 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021


Hér á mynd 8 má sjá að fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu farið stigvaxandi síðastliðin ár.

Ofbeldi

Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er ofbeldi gagnvart skilgreint sem „athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns“.

Á tímabilinu 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 bárust alls 3.078 tilkynningar vegna ofbeldis en á næstu 12 mánuðum á eftir, á tímabilinu 1. mars 2020-28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar alls 3.785.

Þannig bárust 23% fleiri tilkynningar vegna ofbeldis á 12 mánuðum eftir upphaf faraldursins en á 12 mánuðum fyrir. Ef litið er til þeirrar þróunnar sem hefur átt sér stað síðustu ár, hefði mátt búast við aukningu upp á allt að 9-10% og er sú raunaukning sem hefur orðið á tilkynningum vegna ofbeldis því langt umfram það sem búast hefði mátt við.




Mynd 9: Fjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, 12 mánuði fyrir og eftir upphaf COVID-19 faraldursins, sem hér er skilgreindur sem 1. mars 2020.

Eins og sjá má á mynd 9, svipar tímabilinu fyrir skilgreint upphaf COVID-19 að sumu leyti til tímabilsins eftir upphaf faraldursins. Yfir sumarmánuðina dró mikið úr fjölda tilkynninga vegna ofbeldis en jókst aftur undir haust. Þá dró úr fjölda tilkynninga vegna ofbeldis frá og með nóvember og fram yfir áramót, bæði árið 2019 sem og árið 2020.

Mynd 10 sýnir fjölda tilkynninga vegna ofbeldis, í hverjum mánuði fyrir sig, síðan í mars 2015. Hér sést glögg að fjöldi tilkynninga vegna ofbeldis á þeim 12 mánuðum sem liðnir eru frá upphafi COVID-19, er umfram það sem hefur sést á síðustu 5 árum.


Fjöldi tilkynninga vegna ofbeldis frá mars 2015-febrúar 2021



Mynd 10: Fjöldi tilkynninga vegna ofbeldis frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Líkt og mynd 11 sýnir, virðist sú aukning sem sést hefur síðastliðna 12 mánuði vera hluti af ferli sem hófst fyrr. Frá lok árs 2018 hefur borið á aukningu tilkynninga vegna ofbeldis en frá upphafi árs 2020 hefur fjöldi tilkynninga haldist nokkuð jafn, þó langt umfram það sem áður þekktist. Þetta sést best á því að síðastliðna 12 mánuði hafa borist 315 tilkynningar að meðaltali en meðaltal síðustu 5 ára á undan er á bilinu 186-257 tilkynningar á mánuði og hæstu gildi síðustu 5 ára var á bilinu 222-317. Síðustu mánuði hafa því borist að meðaltali fleiri eða svipaður fjöldi tilkynninga en hæsta gildi fimm ára á undan.

Fjöldi tilkynninga vegna ofbeldis frá 1. mars 2015




Mynd 11: Þróun tilkynninga vegna ofbeldis á tímabilinu 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Áhættuhegðun barns

Í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er áhættuhegðun barns skilgreind sem „athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða“. Þar sem um er að ræða áhættuhegðun barna eru börn oftast komin á táningsaldur.

Á tímabilinu 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 bárust alls 3.496 tilkynningar vegna áhættuhegðunar en á næstu 12 mánuðum á eftir, á tímabilinu 1. mars 2020-28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar 3% fleiri eða alls 3.601.


Meðalaukning tilkynninga síðastliðinna 5 ára hefur verið 3,5% og er því sú fjölgun tilkynninga sem sést hefur síðastliðna 12 mánuði ekki eins mikil og búast hefði mátt við.



Mynd 12: Fjöldi tilkynninga vegna áhættuhegðunar, 12 mánuði fyrir og eftir upphaf COVID-19 faraldursins, sem hér er skilgreindur sem 1. mars 2020.

Tímabilin tvö, 12 mánuðum fyrir og 12 mánuðum eftir skilgreint upphaf COVID-19 faraldursins, voru að mörgu leyti svipuð. Fjöldi tilkynninga var nokkuð svipaður á vormánuðum og fyrri hluta sumars, en aukning varð á tilkynningum að hausti. Helsti munurinn er sá að í október 2020 bárust á fimmta hundrað tilkynninga.


Áhættuhegðun, fjöldi tilkynninga 1. mars 2015-28. febrúar 2021



Mynd 13: Fjöldi tilkynninga vegna áhættuhegðunar frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Á mynd 13 má sjá að fjöldi tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna er nokkuð jafn, á milli 2-300 tilkynningar. Þá eru nokkrir mánuðir síðastliðin 5 ár sem skera sig úr hvað þetta varðar: mars, maí og október 2017, september 2019 auk september og október 2020.

Tilkynningar vegna áhættuhegðunar barns frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021



Mynd 14: Þróun tilkynninga vegna áhættuhegðunar barns á tímabilinu 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021


Líkt og mynd 14 gefur til kynna hafa tilkynningar vegna áhættuhegðunar barns verið nokkuð jafnar síðastliðin ár en þó má greina einhverja aukningu á síðastliðnum 12 mánuðum.

Heilsu eða lífi ófæddis barns er stefnt í hættu

Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er tilefni tilkynninga skilgreint sem svo: „foreldri setur ófætt barn sitt í hættu með athæfi sínu“.

Á tímabilinu 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 bárust alls 88 tilkynningar þar sem óttast var um að heilsu eða lífi ófæddis barns væri í hættu en á næsta 12 mánaða tímabili, frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar 148. Eru það 68,2% fleiri tilkynningar en fyrir skilgreint upphaf COVID-19 faraldursins.

Á mynd 15 má sjá hvernig tilkynningar voru heldur fleiri eftir skilgreint upphaf faraldursins og fjölgaði mikið yfir sumarmánuðina 2020. Á haustmánuðum 2020 fækkaði tilkynningum og voru þá svipað margar og einu ári áður.




Mynd 15: Fjöldi tilkynninga vegna gruns um að heilsu eða líf ófæddis barns sé í hættu, 12 mánuði fyrir og eftir upphaf COVID-19 faraldursins, sem hér er skilgreindur sem 1. mars 2020.

Hér ber að hafa í huga að sú aukning tilkynninga sem sést í júlí og ágúst má rekja til eins sveitarfélags, þegar bárust annars vegar 12 tilkynningar og hins vegar 19 tilkynningar í einum mánuði. Um þetta má lesa [hér](#) og [hér](#).

Barnaverndartilkynningar, þar sem óttast er að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu, eru almennt fáar, á milli 5-10 í mánuði á landsvísu. Þar sem um tiltölulegar fáar tilkynningar er að ræða geta breytingar á milli mánaða eða jafnvel ára verið nokkuð skarpar. Því er mikilvægt að líta yfir lengra tímabil til að átta sig á hvort um sé að ræða raunverulega aukningu eftir skilgreint upphafstímabil COVID-19 faraldursins.

Líkt og mynd 16 gefur til kynna, þá má vissulega sjá að tilkynningar í byrjun árs 2020 voru heldur fleiri en áður, en sú aukning er í raun hluti af ferli sem hófst fyrr, eða í byrjun árs 2018, og náði hámarki á fyrstu mánuðum ársins 2020. Þannig má sjá að vissulega hefur orðið einhver aukning á tilkynningum vegna ófæddra barna, en ekki er hægt að segja, út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir, að slík aukning sé tilkomin vegna COVID-19 faraldursins.



Mynd 16. Þróun tilkynninga vegna ófædds barns á tímabilinu 1. mars 2015 til 28. febrúar 2021

Helstu niðurstöður

Tilkynningum fjölgaði eftir skilgreindan upphafspunkt COVID-19 faraldursins, og tilkynnt var vegna fleiri barna. Sú fjölgun er umfram það sem bætti búast við, sé miðað við meðalaukningu tilkynninga síðustu ára.

Almennt séð virðast tilkynningar mánaðanna eftir skilgreindan upphafspunkt faraldursins fylgja svipuðu ferli og fyrri ára, þar sem tilkynningum fjölgar annars vegar í byrjun árs og á haustin en fækkar yfir sumarmánuðina.

Fjöldun tilkynninga vegna ofbeldis og vanrækslu

Ef litið er til síðustu ára má sjá að tilkynningum vegna vanrækslu og ofbeldis hefur fjölgað nokkuð.

Einnig er ljóst að slíkum tilkynningum hefur fjölgað talsvert síðustu 12 mánuði og umfram það sem búast mætti við ef tölur eru bornar saman við fjölgun síðustu ára. Það vekur líka athygli að mánaðarlegar tilkynningar hafa haldið svipuðu mynstri og þekktist áður og hlutfall tilkynninga á hvert barn er svipað og það sem áður var. Tilkynningar síðustu 12 mánaða eru því að mörgu leyti eins og við mætti búast. Helsti munurinn er hvernig fjöldi tilkynninga síðustu 12 mánuði hefur stöðugt verið umfram það sem var 12 mánuði fyrir skilgreindan upphafspunkt COVID-19 faraldursins. Þetta sést best á myndum 6 og 9.

Sú fjölgun sem hefur orðið á tilkynningum vegna vanrækslu er í raun hluti af ferli sem hófst við lok árs 2015. Tilkynningum vegna vanrækslu hefur fjölgað um 10-11% á milli ára, að meðaltali, síðastliðin ár. Aftur á móti var sú fjölgun tilkynninga sem barst barnaverndarnefndum á 12 mánuðunum eftir 1. mars 2020, umfram það sem búast hefði mátt við.

Slíkt hið sama á við um tilkynningar vegna ofbeldis. Tilkynningum hefur farið fjölgandi frá því í lok árs 2018 og sá fjöldi tilkynninga sem hefur borist barnaverndarnefndum síðastliðna mánuði, frá skilgreindu upphafi COVID-19 faraldursins, haldist nokkuð stöðugur milli mánaða frekar en að vera á uppleið. Það sem gerir tímabilið eftir upphaf COVID-19 faraldurinn frábrugðinn tímabilinu fyrir upphaf faraldursins, er að mánuð eftir mánuð hafa borist óvenju margar tilkynningar vegna ofbeldis. Því til stuðnings má nefna að meðalfjöldi mánaðarlegra tilkynninga vegna ofbeldis á tímabilinu 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 var 315 tilkynningar, sem er um eða yfir hæsta gildi árána á undan.

Þetta gefur fullt tilefni til þess að fylgjast nánar með þróun mála næstu mánuði.

Tilkynningum vegna ófæddra barna fjölgar

Á tímabilinu 1. mars 2020-28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar 3% fleiri en 12 mánuðina fyrir skilgreint upphaf COVID-19 faraldursins. Meðalaukning slíkra tilkynninga á síðastliðnum 5 árum hefur verið 3,5% og er því sú fjölgun tilkynninga sem sést hefur undanfarna 12 mánuði ekki eins mikil og búast hefði mátt við.

Á 12 mánaða tímabili fyrir skilgreint upphaf COVID-19 faraldursins bárust alls 88 tilkynningar þar sem óttast var um að heilsu eða lífi ófædds barns væri í hættu en á næsta 12 mánaða tímabili, frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar 148. Eru það 68,2% fleiri tilkynningar en fyrir skilgreint upphaf COVID-19 faraldursins.

Barnaverndartilkynningar, þar sem óttast er að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu, eru almennt fáar, á milli 5-10 í mánuði á landsvísu. Þar sem um tiltölulegar fáar tilkynningar er að ræða geta breytingar á milli mánaða eða jafnvel ára verið nokkuð skarpar. Þá ber einnig að hafa í huga að mikil aukning var á tilkynningum í júlí og ágúst 2020 og má rekja meginhluta þeirra til eins sveitarfélags. Um það má lesa [hér](#) og [hér](#).